

Skólaráð

Fundur miðvikudaginn 13. október 2021 kl. 15:00 á sal skólans.

Mættir: Anna Björk Erlingsdóttir og Hildur Ágústsdóttir fulltrúar foreldra, Hafþór Ernir Ólason og Særún Lilja Eysteinsdóttir fulltrúar nemenda, Bára Bragadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Bryndís Knútsdóttir og Karen Ingimundardóttir fulltrúar kennara, Eva Björk Sveinsdóttir skólastjóri og Guðjón Árni Antoníusson aðstoðarskólastjóri. Fjarverandi: Bára Kristín Þórisdóttir fulltrúi starfsfólks.

1. Skólanámskrá

Umræða um skólanámskrá og hún samþykkt.

2. Starfsáætlun

Umræða um starfsáætlun og hún samþykkt.

3. Skólahúsnæði

Eva Björk skólastjóri sagði frá því að búið væri að laga rakaskemmdir í gömlu álmunni þar sem nú eru frístundaheimilið og Friðgarður. Búið er að opna fyrir 3 nýjar kennslustofur í nýbyggingu. Gert er ráð fyrir að smíða- og textílstofur verði klárar í nýju byggingunni í byrjun næsta skólaárs.

4. Skólaþing

Umræða um skólaþing í nóvember. Þá væru lögð fyrir ákveðin málefni á opnum fundi þar sem foreldrar geta komið að málefnum skólans. Mikill áhugi var í hópnum að vera með skólaþing. Eva Björk bað alla að hugsa um málefni og láta sig vita í tölvupósti ef þeir vildu leggja áherslu á eitthvað sérstakt.

5. Nýjungar í skólastarfi

Eva Björk sagði frá því að kennarar á unglingastigi væru að þróa bræðing sem er samþætting námsgreina (samfélagsgreinar, náttúrugreinar, list- og verkgreinar, upplýsingatækni og hluti af íslenskutímum). Hafþór sagði þetta vera góða þróun, var ánægður með tímana. Særún og Hafþór komu inn á að kannski þyrfti að skoða námsmatið og virkni alla í hópnum. Þau sögðu frá því að eftir lotu væri jafningjamat sem er gott.

Tæknigarður er nýtt kennslusvæði fyrir ofan bókasafnið sem er verið að þróa í vetur. Svæðið verður nýtt í kennslu á tækni.

Velferðarkennsla er nýtt verkefni í skólanum. Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði til að hanna og þróa kennslurými og kennslu. Velferðarkennsla er staðsett við hlið textílstofu og til að byrja með eru nemendur í 3. – 5. bekk með tíma í töflu. Aðrir munu fá kynningu á kennslunni í vetur.

Ný lestrarstefna er komin á heimasíðuna, Eva Björk sýndi uppbygginguna á henni og hvatti alla til að skoða hana.

Ný samskiptaáætlun er komin á heimasíðuna. Síðasta skólaár voru drög send á foreldra og óskað eftir athugasemdum frá þeim.

Gerðar voru breytingar á frímínútum hjá 1. – 6. bekk í byrjun skólaárs. Nú fara nemendur í nestistíma með stuðningsfulltrúum og skólaliðum kl. 9:35 – 9:55. Þá fara kennarar í kaffi. Kennarar fara svo með nemendur í útiveru á hverjum degi þegar það hentar bekknum. Fyrirkomulagið er að koma vel út.

6. Önnur mál

Hafþór ræddi leiktæki á skólalóðinni sem virðast ekki henta vel fyrir nemendur og það væri enginn að nota þau. Bryndís tók undir það.

Ræddum aðeins matsalinn og frímínútur þar á eftir. Eva Björk sagði að stjórnendur væru farnir að skoða hvort mögulega ætti að breyta þeim. Bryndís ræddi hvort það væri kannski sniðugt að vera með rólega tónlist í matsalnum og tóku margir undir að það gæti mögulega dempað hávaða. Einnig var hreyfistofa rædd eða það að setja mögulega París eða hoppuhringi á eitthvað svæði. Þá var verið að hugsa til þeirra nemenda sem þyrftu auka hreyfingu í kennslustundum.

Særún ræddi hitastillingu í stofum á unglíngagangi. Stundum væri mjög kalt í stofunum og stundum mjög heitt. Hafþór tók undir þetta. Guðjón sagði frá því að nýir hitastillar hafi verið keyptir í vor og voru vonir bundnar við að það myndi laga þetta. Guðjón ætlar að ræða þetta við Árna húsvörð.

Hafþór ræddi lýsingu í stofunum. Að lýsingin væri mjög skær og mikil. Það þyrfti ekki svona mikla lýsingu. Eva Björk og Guðjón ætla að kanna þetta.

Fundi slitið kl. 16:00

Ákveðið var að næsti fundur yrði síðustu vikuna í nóvember. Eva Björk sendir út fundarboð.